

29. september 2021

Skólaráðsfundur Ártúnsskóla

Fyrsti fundur skólaráðs Ártúnsskóla var fjarfundur vegna þess að undanfarna viku hafa verið að greinast covid 19 smit bæði hjá nemendum og starfsfólki.

Ellen stýrði fundinum og kynnti nýja meðlimi. Ellen fór yfir starfsáætlun skólaráðs fyrir veturinn. Fundað verður á um sex vikna fresti í vetur og fundirnir verða á miðvikudagsmorgnum.

Ellen fór yfir ráðningarmál haustsins. Það hefur gengið vel að manna í grunnskólahlutanum en verið er að auglýsa starf deildarstjóra á yngstu deildina, búið er að brúa bilið fram að áramótum með starfsmanni innanhúss.

Í fyrra var sú breyting gerð að skólinn er opnaður kl. 7:50 fyrir nemendur og þeir safnast saman á sal til kl. 8:10 þá er opnað inn í stofur. Starfsmaður skólans er í gæslu með nemendum á morgnana

Ellen sagði frá þróunarverkefnum menntastefnunnar. Í ár verður áhersla á að innleiða nýtt námsmat, viðtalstækni og valdefling, fjölbreyttar kennsluaðferðir og samþættingu námsgreina með áherslu á lestur og byrjendalæsi.

Farið var yfir framkvæmdir í skólanum í sumar. Miklar endurbætur voru gerðar á skólahúsnæðinu innan dyra og foreldrafélagið tók að sér að endurnýja svið skólans og sú vinna er langt komin og við bíðum spennt eftir nýju sviði.

Starfsáætlun skólans á að skila 15. október og vinna við hana er langt komin. Óskað var eftir því að starfsáætlunin yrði lesin yfir af skólaráði áður en hún verður send til SFS. Þráinn og Sesselja tóku að sér að lesa yfir áætlunina.

Fjárhagsstaða grunnskólans er ekki góð en leikskólinn og frístund eru innan viðmiða.

Ferð 7. bekkjar í skólabúðir verður í vikunni 25. – 29. apríl. Ferðin kostar börnin tæp 30 þúsund. Foreldrar spurðu út í fjáröflun og stjórnendur ætla að senda tölvupóst og spyrja út í hana. Fjáröflun fyrir svona ferðir er alfarið í höndum foreldra.

Fundarritari:
Guðrún Bára Gunnarsdóttir